

Kennsluáætlun

Skólaár: 2019-2020

Kennari/ar: Hanna Ósk Helgadóttir

Árgangur: 2. bekkur

Önn: vor

Námsgrein: Textílmennt

Fjöldi kennslustunda á viku: 4 kennslustundir á viku, mæta tvisvar í viku í 80 mínútur í senn.

Vika/lota	Hæfniviðmið	Námsmarkmið	Viðfangsefni	Námsmat
7 vikur, um það bil 12 skipti	<u>Hæfniviðmið textílmennt:</u> • Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum. • Unnið úr nokkrum gerðum textílefna. • Unnið eftir einföldum leiðbeiningum. • Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt. • Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni. • Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu.	• Kynnast grunnformunum • Öðlast færni í að klippa efni eftir grunnformunum • Læra að festa tölu á efni. • Læra að sauma saman tvö stykki • Læra aftursting • Læra að þæfa marglita kúlu • Læra umgengnisreglur varðandi ullarþæfingu • Læra að vefja	• Farið er yfir reglur og frágang í stofunni í fyrsta tíma. • Fyrsta verkefnið er bangsi úr grunnformunum, nemendur velja sér grunnform til að klippa eftir og eru klippt niður 60 stykki af efnisbútum sem eru svo þrædd upp á band og settar tvær perlur á milli. Einn fótur er 20 bútar og ein hendi er 15 bútar. Nemendur velja sér liti af efni sjálfir. Síðan þegar hendur og fætur eru klárir þá er hausinn gerður og nemendur velja sér tölur fyrir augu og nef sem þeir læra að festa á með nál og perlugarni. Síðan teikna þeir munn og sauma hann með	• Símat • Leiðsagnarmat • Ástundun og virkni í tíma

	<u>Hæfniviðmið - Menningarläsi - sameiginlegt fyrir allar list- og verkgreinar</u> • Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar. • Hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum. • Gengið frá eftir vinnu sína. • Lagt mat á eigin verk.		aftursting. Síðan er hausinn saumaður saman með aftursting og sett tróð inn í hann. Síðan eru fætur og hendur festir á búkinn. Sumir setja eyru á bangsann – nemendur ráða því algjörlega. • Annað verkefnið er nálapúði sem er gerður úr ullarkembu. Rifjum upp hvaðan ullin kemur og sýni nemendum myndir frá þvottastöð Ístex á Blönduósi þar sem sýnt er hvernig ullin er þvegin. Nemendur velja sér tvo til fjóra liti sem eru vafðir upp í kúlu og síðan er notuð blautþæfing með vatni og sápu. Þetta verkefni tekur nokkra tíma – kúlan verður að vera grjóthörð. Síðan er kúlan skorin í tvennt og útkoman aldrei eins hjá neinum – spennandi að sjá	
--	---	--	--	--

			útkomuna þegar kúlan er skorin og muna nemendur oft ekki hvaða liti þeir völdu í upphafi. • Þriðja verkefnið ef gefst tími þá læra nemendur að vefja utan um tvær ísspítur sem límdar eru saman. Velja sér einn til þrjá liti af léttlopa og skrautgarn til þess að vefja utan um spíturnar. Þetta verkefni má segja sé undanfari þess að læra að vefa sem þau gera í þriðja bekk. • Aukaverkefni - val um fjölmörgum verkefni	
--	--	--	--	--

Námsaðlögun: eftir þörfum